

Hönnun hf
Ari Benediktsson
Austurvegi 20
730 Reyðarfjörður

2000090052
7300; 7611; 7610;
9310

Reykjavík, 27. desember 2000
/--

Efni: Jarðgöng og vegir, Reyðarfjörður-Fáskrúðsfjörður. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um gerð jarðganga og vega milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Skipulagsstofnun barst með bréfi dags. 22. nóvember 2000 tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun:

Vegagerðin, Hönnun hf.: Jarðgöng og vegir, Reyðarfjörður-Fáskrúðsfjörður. Tillaga að matsáætlun 20. nóvember 2000.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Búðahreppi, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Fjarðabyggð, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóra, Þjóðminjasafni Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 7. desember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 8. desember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 9. desember 2000, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 10. desember 2000, Fjarðarbyggð með bréfi dags. 14. desember 2000, Náttúruverndarstofnun Íslands með bréfi dags. 20. desember 2000, Fáskrúðsfjarðarhreppi með bréfi ódagsettu, veiðimálastjóra með bréfi dags. 15. desember 2000 og athugasemd frá Landgræðslu ríkisins með bréfi dags.

8. desember 2000. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 18. desember 2000 og með bréfi dags. 21. desember 2000.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemd sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

Jarðgangagerð, efnistaka og haugsetning

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun um það hvort um verði að ræða einbreið- eða tvíbreið göng. Liggi ákvörðun ekki fyrir þegar matsskýrslu verður skilað til Skipulagsstofnunar þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum einbreiðra og tvíbreiðra jarðgangna s.s. samfélagslegum áhrifum og mismunandi kostum á efnistöku, haugsetningu og frágangi. Staðsetning efnistökuastaða og haugsvæða verði sýnd á kortum og ljósmynd. Samráð verði haft við embætti veiðimálastjóra vegna efnistöku úr ám í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.

Vegagerð, grunn- og yfirborðsvatn

Í matsskýrslu verði gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsból Búðahrepps og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum s.s. tilfærslum á veglínu.

Hljóðmengun

Gerð verði grein fyrir útreikningum á hávaða frá umferð í Daladal og mótvægisáðgerðum verði þeirra þörf.

Landslag og sjónræn áhrif

Framkvæmdin mun hafa áhrif á landslag. Leggja þarf mat á verndargildi landslagsheilda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu skuli birta myndir af gangamunnum og frágangi við þá þannig að sjá megí hvernig þeir falli að umhverfi.

Samfélag

Í tillögu að matsáætlun er greint frá því að tilgangur og markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar sé að stytta vegalengdir, stækka atvinnu- og þjónustusvæði, bæta vegasamband, auka umferðaröryggi og tengja suðurhluta Austfjarða betur við flugvöll á Héraði. Ljóst er að framkvæmdin mun hafa veruleg samfélagsleg áhrif. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í matsáætlun og í matsskýrslu sé gerð grein fyrir hvaða samfélagsleg áhrif sé talið líklegt að hljóti af framkvæmdunum s.s. á byggðir og atvinnuþróun á svæðinu og varanleika áhrifa. Við þessa umfjöllun verði tekið mið af uppbyggingu stóriðju í Reyðarfirði.

Leyfi og skipulag

Í matsáætlun og matsskýrslu komi fram upplýsingar um hvaða leyfum framkvæmdin er háð. Skipulagsstofnun bendir á að jarðborun er starfsleyfisskyld hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd sem tímabundin framkvæmd. Skipulagsstofnun bendir einnig á að breytingar á aðalskipulagi í Fjarðarbyggð þurfa einnig að taka til efnistökusvæða og haugsvæða eftir því sem það á við.

Stefán Thors
Matthíasson

Steinar Ingi

Afrit: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Fjarðarbyggð, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri, Þjóðminjasafni Íslands, Náttúrufræðistofnunar ríkisins og Landgræðsla ríkisins.